

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs dags. 30. apríl 2025

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Viðreisnar um stöðu húsnæðis við Óðinsgötu 14 og 16

Staða húsnæðis við Óðinsgötu 14 og 16 er í mjög slæmu ástandi, stendur í dag í töluverðri niðurníðslu og vanrækt. Er staða málsins á borði umhverfis og skipulagssviðs og hvaða kosti hefur borgin á að bregðast við stöðunni þegar eignir eru íbúum í nágrenni bein ógn við öryggi sem og slæm áhrif á borgarmyndina?



Reykjavík, 4. september 2025

USK25010076

Minnisblað

Efni: Úttekt á ástandi húsa/lóða og bókanir byggingarfulltrúa frá afgreiðslufundi 4. september 2025.

Viðtakandi: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Sendandi: Deild afnota og eftirlits

Farið í eftirlit 1. september 2025 og ástand húsa og lóða skoðuð. Erindin tekin fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa með deild afnota og eftirlits þann 4. september 2025, þar sem eftirfarandi bókanir voru gerðar:

Laugavegur 73 – Mannheld girðing kringum lóð

Bókun: Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem mannheld girðing er kringum lóðina.

Þórsgata 6 – Húsið mannhelt

Bókun: Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem fasteign er mannheld

Klapparstígur 19 – Húsið mannhelt

Bókun: Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem fasteign er mannheld

Lindargata 62 – Húsið mannhelt

Bókun: Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem fasteign er mannheld

Borgartún 34 – Mannheld girðing í kringum lóð

Bókun: Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem mannheld girðing er í kringum lóðina.

Veghúsastígur 1 – Ástand húss – brotinn rúða – ker fullt af vatni

Bókun: Þinglýstum eiganda gert að gera húsið mannhelt. Girða af lóð/ tryggja að ekki verði uppsöfnun á vatni í keru til varnar þess að ekki skapist hætta á slysum.

Eftirlitsferð 4. nóvember 2025. Búið að fjarlægja ker og loka fyrir gluggum eins og krafist var.

Óðinsgata 14 – Ástand húss- rúða brotin – brotajárn og drasl á lóð

Bókun: Þinglýstum eiganda gert að gera fasteignina mannhelt og laga ástand girðingar- Erindi að því er varðar drasl á lóð verður áframsent á HER

Aftur farið í eftirlitsferð 14. apríl 2026. Staðfest að fasteign og girðing er mannheld.



Reykjavík



Njarðargata 35 – Ástand húss- drasl á lóð

Bókun: Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast frekar að svo stöddu þar sem fasteign er mannheld. Erindi að því er varðar drasl á lóð verður áframsent á HER

